

Mál nr. 2/205

**Víkingur
gegn
Stjórnunni**

Kæra Víkings

Krafa kæranda er að Víkingi verði dæmdur 3-0 sigur í hinum tilgreinda leik milli Víkings og Stjórnunnar/Skínanda í Íslandsmóti 2. flokks karla A sem fram fór 30. júní 2015.

Helstu málavextir sem skipta máli eru þeir að í leiknum tefldi Stjarnan/Skínandi fram ólöglegum leikmanni. Nánar tiltekið hefði leikmaðurinn, Daníel Agnar Ásgeirsson átt að vera í leikbanni í þessum tiltekna leik sjá úrskurð aganefndar frá 23. júní 2015.

Vísað er til reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál, þ.á m. gr. 12.1. þar sem kveðið er á um að Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ geti í úrskurðarorði dæmt um úrslit leiks. Þá er vísað til gr. 40.1. í Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Meðfylgjandi er leikskýrsla umrædds leiks auk lista yfir alla leiki Stjórnunnar/Skínanda frá því að úrskurðurinn var kveðinn upp

F.h. Knattspyrndeildar Víkings



Friðrik Magnússon

Stjarnan skilaði ekki greinargerð

Úrskurður frá aga- og úrskurðarnefnd KSÍ

Ár 2015, þriðjudaginn 21. júlí, er fundur haldinn í Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík af nefndarmönnum Gunnari Guðmundssyni, Presti Ríkharðssyni og Helga R. Magnússyni.

Fyrir er tekið málið nr. 2/2015

Knattspyrnudeild Víkings
gegn
Knattspyrnudeild Stjórnunnar/Stíganda

Gögn málsins merkt nr. 1-4 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Knattspyrnudeild Víkings
Fyrirsvarsmaður: Friðrik Magnússon

Kærði:

Knattspyrnudeild Stjörnunnar/Skínandi
Fyrirsvarsmaður: Sigurður Sveinn Þórðarson

Mál þetta var móttakið af skrifstofu KSÍ þann 6. júlí s.l. Kærða var gefinn kostur á að skila greinargerð með bréfi dags. sama dag og með tölvupósti dags. 14. júlí tilkynnti kærði að hann myndi ekki skila greinargerð í málinu.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að honum verði dæmdur 3-0 sigur í leik Víkings og Stjörnunnar/Stíganda í Íslandsmóti 2. flokks karla A sem fram fór þann 30. júní 2015

Kærði gerir engar kröfur í máli þessu.

II.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum þannig að í hinum tilgeinda leik milli Víkings og Stjörnunnar/Skínanda þann 30. júní 2015 hafi Stjarnan/Skínandi teft fram ólöglegum leikmanni. Nánar tiltekið hefði leikmaðurinn Daníel Agnar Ásgeirsson átt að vera í leikbanni í þessum tiltekna leik en hann hafi verið úrskurðaður í leikbann þetta á fundi aganefndar KSÍ þann 23. júní 2015.

Kærandi vísar til reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál, þ.á.m. gr. 12.1 og gr. 40.1. í Rglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Kærði hefur ekkert tjáð sig í máli þessu.

III.

Niðurstaða:

Í máli þessu er óumdeilt að í ofangreindum leik Víkings og Stjörnunnar/Skínanda spilaði leikmaðurinn Daníel Agnar Ásgeirsson leikinn en hann átti að vera í leikbanni sbr. úrskurð Aga-og úrskurðarnefndar KSÍ frá 23. júní 2015. Er því fallist á kröfu kæranda í málinu og úrslitum í leiknum breytt þannig að Víkingi er dæmdur sigur með markatölunni 3-0 sbr. gr. 40.1. í Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Jafnframt ber kærða skv. sömu greina að greiða sekt til KSÍ og ákvarðast hún kr. 25.000.

IV.

Úrskurðarorð:

Úrslit í leik Víkings og Stjörnunnar/Stíganda í Íslandsmóti 2. flokks karla A sem fram fór þann 30. júní 2015 er breytt þannig að leikurinn dæmist Stjörnunni/Stíganda tapaður með markatölunni 3-0. Stjarnan/Stígandi greiði sekt að fjárhæð kr. 25.000 til KSÍ.

Helgi R. Magnússon

Gunnar Guðmundsson

Þröstur Ríkhartsson

Um áfrýjun:

Samkvæmt grein 14.3 í reglugerð KSÍ um Aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til Árýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður Aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.